

Priðjudaginn 2. desember 1997.

Nr. 469/1997.

Jóhanna Dagbjartsdóttir

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Jóni Þór Ingólfssyni

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. nóvember sama árs. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 7. október 1997, þar sem leyst var úr ágreiningsefni málsaðila í tengslum við opinber skipti til fjárlita á milli þeirra vegna hjónaskilnaðar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að dæmt verði, að við opinberu skiptin beri að taka tillit til skuldar við Iðnmark ehf., að fjárhæð 3.923.547 krónur. Þá krefst sóknaraðili jafnframt málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Kæra sóknaraðila er, sem áður segir, dagsett 22. október 1997. Hún er árituð um viðtöku í Héraðsdómi Reykjaness 28. sama mánaðar. Ekki er greint frá því í kærinni, hvenær sóknaraðila eða lögmanni hennar hafi orðið kunnugt um hinn kærða úrskurð. Í greinargerð varnaraðila til Hæstaréttar eru bornar brögður á, að sóknaraðili hafi kært í tæka tíð, en í henni segir lögmaður varnaraðila, að eftir uppkvaðningu úrskurðarins 7. október 1997 hafi endurrit borist sér „í beinu framhaldi í pósti“. Í vottorði héraðsdómarans í málinu 25. nóvember sl. segir meðal annars: „Úrskurður í máli þessu var kveðinn upp 7. október 1997. Í þessu tilfelli æxlaðist svo til, að ekki var boðað til þinghalds til uppkvaðningar úrskurðar, heldur var úrskurðurinn sendur lögmonnum aðila í almennum pósti daginn eftir uppkvaðningu, 8. október 1997.“

Vegna framangreindra atvika leitaði Hæstiréttur nánari svara lögmanns sóknaraðila um, hvenær honum hefði orðið kunnugt um úrskurð héraðsdóms. Í bréfi, sem lögmaðurinn ritaði af þessu tilefni 26. nóvember sl., segir eftirfarandi: „Að gefnu tilefni... telur undirritaður rétt að upplýsa, að um miðjan október sl. barst skrifstofunni úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, sem kveðinn hafði verið upp 7. október sl. og áritaður af dómara 8. s. m. Sending umrædds úrskurðar kom nokkuð á óvart, en ekki hafði verið boðað til þinghalds við uppkvaðningu úrskurðarins. Undirrituðum lögmanni tókst ekki að ná sambandi við umbj. m. . . . til þess að kynna henni úrskurðinn fyrr en 22. október sl. Hinn 24. október var tekin ákvörðun um að kæra umræddan úrskurð, og var héraðsdómara tilkynnt það símleiðis, svo sem unnt er að fá staðfest hjá dómara. Var kæra síðan lögð fram skriflega 28. október sl. Ljóst er, að frestir til þess að kæra úrskurði til Hæstaréttar eru settir til þess, að eigi dragist úr hömlu, að aðilar knýi fram endanlegar lyktir í úrskurðarmálum. Slíkir frestir verða eigi túlkaðir svo, að þeir verði til þess að hamla því, að aðilar eigi þess kost að koma sjónarmiði sínu á framfæri, eftir að þeir hafa sjálfir kynnt sér úrskurð og tekið sjálfir ákvörðun um, hvort kæra skuli fram lögð. Í því tilviki, sem hér um ræðir, var sú leið farin af hálfu héraðsdómara að kveða úrskurðinn upp án þess að upplýsa aðila eða lögmennt þeirra sérstaklega um það. Verður að horfa til þess, að kærandi átti þess eigi kost að kynna sér úrskurðinn, fyrr en allnokkru eftir að hann var kveðinn upp. Ljóst verður því að telja, að kæra sé fram komin innan hæfilegs frests með hliðsjón af framangreindu.“

Samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem ræður kærufresti í þessu máli, sbr. 2. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991, verður málsaðili að afhenda héraðsdómara skriflega kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppkvaðningu úrskurðar, ef aðilinn eða umboðsmaður hans var þá staddur á dómþingi, en ella, áður en tvær vikur eru liðnar, frá því að aðilinn eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn. Héraðsdómari kveðst, sem áður segir, hafa sent lögmenntum beggja aðila endurrit úrskurðarins í pósti 8. október 1997, og hefur lögmaður varnaraðila staðfest, að hann hafi fengið úrskurðinn í beinu framhaldi þess. Sérstaklega spurður að gefnu tilefni um atvik í þessu sambandi hefur lögmaður

sóknaraðila ekki kosið að tjá sig skýrar en svo, að endurrit úrskurðarins hafi borist sér „um miðjan október“. Þegar alls þessa er gætt og litið til fyrrgreinds efnis bréfs lögmannsins að öðru leyti, verður að leggja til grundvallar, að honum hljóti að hafa borist vitnaskja um úrskurð héraðsdómara fyrir 14. október 1997. Kæra kom þannig ekki fram í tæka tíð. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmd til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Átelja verður, að héraðsdómari gætti ekki að ákvæðum 3. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 við uppkvaðningu úrskurðar í málinu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jóhanna Dagbjartsdóttir, greiði varnaraðila, Jóni Þór Ingólfssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.
